



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

13. árgangur 8.tbl.

September 2016



Kæru sveitungar.

Réttað verður þann 17. september nk.í Reykjaréttum.

Kjötsúpan verður á sínum stað á Hestakránni frá kl.12:00 og fram eftir degi. Grétar frá Sólvangi mun halda uppi réttar-stemningunni í tjaldinu yfir miðjan daginn. Húsið lokar svo klukkan 19:00.

Ekki verður haldinn réttardansleikur á Hestakránni líkt og sl.17 ár. Við erum þakklát öllum þeim sem hafa fjölmennt til okkar í gegnum tíðina og skapað skemmtilegar minningar með okkur.

Takk fyrir okkur og sjáumst í réttunum!

Dúna & Alli

Húsatóftum





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5. okt. 2016.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

S: 486-5505

Munið alltaf hægt að skila!



Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Munið nýja opnunartímann í Lyfju– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga. þá opið 10-13.

Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við Tvísteinabraut vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Gámasvæðið í Brautarholti er við Búnaðarfélags-skemmuna. Sést vel af vegi nr. 30 - Skeiðavegi.

Gámasvæðið við Árnes opið:

Þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Gámasvæðið í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Margt hefur áunnist við frágang á sorpi en alltaf má gera betur!

Minum á að gámasvæðin hér **eru móttökustöðvar en ekki flokkunarstöðvar.** Flokkum heima. Og leggjum svo af stað ☺

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað (í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er hreint eða skítugt - það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi.

Skaftholt tekur áfram við garðaúrgangi og afklippum trjáa
Alla daga, allan daginn.


(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Afréttakortið er ennþá til!

Afréttir Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna.

Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-** ☺

Nú fer hver að verða síðastur að eignast það,
birgðir að verða uppseldar.!

Minnum á HAUSTBRENNUNA sem
áætluð er þann 23. sept. kl. 20:00 ef veður
verður skaplegt á gámasvæðinu við
Árnes. Endilega losið ykkur við
timbur á gámasvæðið sem á að
farga fyrir þann tíma.



Sveitarstjóri.

*Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.*

*Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.*



Fjárréttir í skeiða- og Gnúpverjahreppi 2016

Skaftholtsréttir, föstudaginn 16. september.

Fé rekið inn kl. 11:00.

Reykjaréttir, laugardaginn 17. september.

Fé rekið inn kl. 09:00.



Ökumenn eru beðnir að sýna þolinmæði því óhjákvæmilegar tafir vegna fjárrekstra verða á vegi 32 - Þjórsárdalsvegi, 15. sept. frá kl. **13:00—15:30** á Vikrum að Ásólfstöðum og aftur frá kl. **18:30 - 21:00** frá Gaukshöfða að Fossnesi. Ef fólk lendir á eftir rekstrinum er einungis hjáleið fær yfir efri brú á Þjórsá og niður Landsveit!

Föstudaginn 16. sept. verða tafir vegi 32 frá kl. 07:30—12:00. Hjáleið fær (um gamla þjóðveginn frá Þverá og um Löngudælaholt.)

Og enn verða miklar tafir frá Bólstað að Sandlækjarholti frá ca. kl. 16:00 – 19:30. þann 16. sept.

Að lokum geta orðið einhverjar tafir á vegi nr. 30 - Skeiða-vegi laugard. 17. september frá ca. kl. 13:00 og eitthvað fram eftir degi. Fylgist með á www.skeidgnup.is vegna nánari upplýsinga. Sveitarstjóri.





Áskorendamótið 2016



Skemmtilegt áskorendamót milli liðs Umf. Þjótanda og sameiginlegs liðs Umf Skeiðamanna og Umf Gnúpverja

fór fram á vellinum við Þjórsárver þann 20. ágúst s.l.

Leikar fóru þannig að Umf Þjótandi sigraði mótið með 134,5 stigum á móti 85,5 stigum. Umf Skeið. og Umf Gnúp. skoruðu á Umf Þjótanda til keppni á íþrótta-vellinum í Árnesi að ári. Hér eru úrslitin og viðmiðin fyrir næsta ár. ☺


Konur

100m hlaup

1. Valgerður Einarsdóttir	'02	14,0sek	Gnúp.
2. Bryndís Eva Óskarsdóttir	'85	14,6sek	Gnúp.
3. Halldóra Markúsdóttir	'87	15,1sek	Þjótandi
4-5. Guðmunda Ólafsdóttir	'89	15,8sek	Þjótandi
4.-5. Fanney Ólafsdóttir	'80	15,8sek	Þjótandi
6. Anna Birta Jóhannesdóttir	'03	16,3sek	Gnúp.
7. Bryndís Einarsdóttir	'05	16,7sek	Gnúp.


Langstökk

1. Valgerður Einarsdóttir	'02	4,61m	Gnúp.
2. Bryndís Eva Óskarsdóttir	'85	4,48m	Gnúp.
3. Halldóra Markúsdóttir	'87	3,98m	Þjótandi
4. Fanney Ólafsdóttir	'80	3,72m	Þjótandi
5. Guðmunda Ólafsdóttir	'89	3,56m	Þjótandi
6. Bryndís Einarsdóttir	'05	3,10m	Gnúp.
7. Lára Bjarnadóttir	'04	1,90m	Skeið.



Kúluvarp (4kg)

1. Bryndís Eva Óskarsdóttir	'85	8,78m	Gnúp.
2. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	'80	8,71m	Þjótandi
3. Aldís Baldursdóttir	'95	6,98m	Þjótandi
4. Guðmunda Ólafsdóttir	'89	6,80m	Þjótandi
5. Fanney Ólafsdóttir	'80	6,54m	Þjótandi
6. Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	6,22m	Þjótandi
7. Halldóra Markúsdóttir	'87	6,21m	Þjótandi
8. Valgerður Einarsdóttir	'02	6,05m	Gnúp.
9. Helga Kolbeinsdóttir	'74	5,70m	Gnúp.
10. Anna Birta Jóhannesdóttir	'03	4,77m	Gnúp.
11. Bryndís Einarsdóttir	'05	4,33m	Gnúp.



Kringlukast (1kg)

1. Bryndís Eva Óskarsdóttir	'85	23,09m	Gnúp.
2. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	'80	21,80m	Þjótandi
3. Fanney Ólafsdóttir	'80	21,31m	Þjótandi
4. Valgerður Einarisdóttir	'02	19,06m	Gnúp.
5. Guðmunda Ólafsdóttir	'89	16,58m	Þjótandi
6. Aldís Baldursdóttir	'95	16,06m	Þjótandi
7. Halldóra Markúsdóttir	'87	14,03m	Þjótandi
8. Helga Kolbeinsdóttir	'74	13,67m	Gnúp.
9. Erla Björg Aðalsteinsdóttir	'87	11,48m	Þjótandi



800m hlaup

1. Anna Birta Jóhannesdóttir	'03	3:41,8mín	Gnúp.
2. Bryndís Einarisdóttir	'05	3:42,0mín	Gnúp.
3. Bryndís Eva Óskarsdóttir	'85	3:44,0mín	Gnúp.
4. Halldóra Markúsdóttir	'87	3:45,0mín	Þjótandi
5. Guðmunda Ólafsdóttir	'89	3:47,0mín	Þjótandi
6. Lára Bjarnadóttir	'04	4:16,0mín	Skeið

Karlar

100m hlaup

1. Stefán Narfi Bjarnason	'00	11,6sek	Þjótandi
2. Árni Geir Hilmarsson	'93	11,9sek	Þjótandi
3. Rúnar Hjálmarsson	'87	12,2sek	Þjótandi
4. Örvar Rafn Hlíðdal	'86	12,4sek	Þjótandi
5-6. Brynjar Jón Brynjarsson	'01	12,5sek	Þjótandi
5-6. Kolbeinn Loftsson	'02	12,5sek	Gnúp.
7. Sigurður Ástgeirsson	'82	13,2sek	Þjótandi
8. Matthías Bjarnason	'00	13,6sek	Skeið.
9. Daði Kolviður Einarsson	'05	14,5sek	Þjótandi
10. Unnsteinn Reynisson	'03	14,7sek	Þjótandi
11. Sigurjón Reynisson	'05	15,2sek	Þjótandi
12. Vésteinn Loftsson	'08	16,1sek	Gnúp.
13. Hjalti Geir Jónsson	'06	16,6sek	Þjótandi
14. Baldur Már Jónsson	'08	18,4sek	Gnúp.
15. Ari Einarsson	'08	18,7sek	Gnúp.



Langstökk

1. Stefán Narfi Bjarnason	'00	5,63m	Þjótandi
2. Sigurður Ástgeirsson	'82	5,29m	Þjótandi
3. Örvar Rafn Hlíðdal	'05	5,23m	Þjótandi
4. Dagur Fannar Einarsson	'02	5,03m	Þjótandi
5. Rúnar Hjálmarsson	'87	4,84m	Þjótandi

6. Brynjar Jón Brynjarsson	'01	4,51m	Þjótandi
7. Daði Kolviður Einarsson	'05	3,63m	Þjótandi
8. Sigurjón Reynisson	'05	3,50m	Þjótandi
9. Hjalti Geir Jónsson	'06	3,08m	Þjótandi
10. Vésteinn Loftsson	'08	3,07m	Gnúp
11. Baldur Már Jónsson	'08	2,91m	Gnúp.
12. Helgi Reynisson	'08	2,79m	Þjótandi
13. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson	'08	2,42m	Þjótandi
14. Ari Einarsson	'08	2,20m	Gnúp.


Spjótkast (800gr)

1. Stefán Narfi Bjarnason	'00	46,07m	Þjótandi
2. Rúnar Hjálmarsson	'87	42,52m	Þjótandi
3. Stefán Geirsson	'81	35,34m	Þjótandi
4. Þorsteinn Hauksson	'86	34,07m	Gnúp.
5. Kolbeinn Loftsson	'02	32,27m	Gnúp.
6. Árni Geir Hilmarsson	'93	31,12m	Þjótandi
7. Brynjar Jón Brynjarsson	'01	23,66m	Þjótandi
8. Sigurður Ástgeirsson	'82	23,42m	Þjótandi
9. Matthías Bjarnason	'00	21,77m	Skeið



Kúluvarp (7,25kg)

1. Stefán Geirsson	'81	11,01m	Þjótandi
2. Rúnar Hjálmarsson	'87	10,77m	Þjótandi
3. Þorsteinn Hauksson	'86	9,84m	Gnúp.
4. Sigurður Ástgeirsson	'82	9,75m	Þjótandi
5. Stefán Narfi Bjarnason	'00	9,51m	Þjótandi
6. Matthías Bjarnason	'00	8,13m	Skeið.
7. Bjarni Stefánsson	'63	7,56m	Þjótandi
8. Brynjar Jón Brynjarsson	'01	6,93m	Þjótandi



800m hlaup

1. Dagur Fannar Einarsson	'02	2:51,7mín	Þjótandi
2. Stefán Narfi Bjarnason	'00	2:51,9mín	Þjótandi
3. Matthías Bjarnason	'00	2:54,1mín	Skeið.
4. Brynjar Jón Brynjarsson	'01	2:59,7mín	Þjótandi
5. Daði Kolviður Einarsson	'05	3:17,6mín	Þjótandi
6. Sigurjón Reynisson	'05	3:18,6mín	Þjótandi
7. Sigurður Ástgeirsson	'82	3:26,0mín	Þjótandi
8. Jón Hákonarson	'76	3:41,8mín	Gnúp.
9. Helgi Reynisson	'08	3:53,3mín	Þjótandi
10. Ari Einarsson	'08	4:00,0mín	Gnúp

11. Baldur Már Jónsson	'08	4:12,0mín	Gnúp.
12. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson	'08	4:13,3mín	Þjótandi
13. Einar Ari Gestsson	'07	4:18,4mín	Gnúp.
14. Gestur Einarsson	'87	4:18,5mín	Gnúp.

Stigahæstu konur

1. Bryndís Eva Óskarsdóttir	26 stig
2. Valgerður Einarisdóttir	15 stig
3-4. Guðmunda Ólafsdóttir og Fanney Ólafsdóttir	11,5 stig

Stigahæstu karlar

1. Stefán Narfi Bjarnason	25 stig
2. Rúnar Hjálmarsson	16 stig
3. Stefán Geirsson	10 stig



Hefur þig alltaf dreymt um að syngja í karlakór?



Nú er tækifærið, Karlakór Hreppamanna vill gjarnan bæta við sig söngmönnum núna í haust.

Æft er á þriðjudagskvöldum kl 20:00 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Æfingar hefjast 13. september.

Áhugasamir eru hvattir til að mæta og vera með frá byrjun starfsársins, það verður tekið vel á móti ykkur. Karlakór Hreppamanna er að hefja sitt tuttugasta starfsár og af því tilefni verður mikið lagt í dagskrána í vetur þar sem gleðin og léttleikinn verður við völd.



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

33. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi miðvikudaginn 7. september 2016 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Meike Witt. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Oddviti óskaði eftir að tveimur málum yrði bætt á dagskrá: Friðlýsingar í Kerlingafjöllum og umsókn Bláhimins ehf um framlengingu á leigusamningi á Gisti-heimilinu Nónsteini. Var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar.

1. Tilboð í leigu fjallaskálans í Hólaskógi. Tilboð bárust frá tveimur aðilum um leigu á fjallaskálanum í Hólaskógi. Frá Extreme Iceland og Gestí Þórðarsyni. Samþykkt að fela Sveitarstjóra, oddvita og Höllu Sigríði Bjarnadóttur að ræða við báða tilboðshafa og óska eftir nánari upplýsingum frá þeim.
2. Umsóknir um leigu Reykholtslaugar í Þjórsárdal. Eftir auglýsingu sendu eftirtaldir fimm aðilar inn umsókn um leigu laugarinnar. Elín Moquvist, Ólafur Freyr Ólafsson, Rauðikambur ehf, Valdimar Jóhannsson og Sigfús Brynjar Sigfússon. Umsóknir teknar til umræðu. Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að hefja viðræður við Rauðakamb ehf um útleigu sundlaugarinnar. Samþykkt er jafnframt að óska eftir viðhaldsáætlun um uppbygginguna á sundlaugarsvæðinu. Oddvita og sveitarstjóra falið að vinna að samningsgerð um útleigu eignarinnar og leggja samningsdrög og tilheyrandi fylgiskjöl þar með talda viðhaldsáætlun fram til samþykktar á næsta fundi sveitarstjórnar.

Gunnar Örn Marteinnsson greiddi atkvæði gegn málinu og lagði fram eftirgreinda bókun: Ekki hefur verið staðið við þann samning sem gerður var við Þjórsárdalslaug sf þar sem leigutakar hafa ekki með nokkru móti haldið eigninni í því horfi sem samningar kveða á um, raunar er ástand eignarinnar til háborinnar skammar. Réttast er að rifta núverandi samningi þar sem allar forsendur eru til þess vegna vanefnda og auglýsa síðan eftir aðilum sem tilbúnir eru til uppbyggingar á svæðinu og hafa til þess getu.

3. Sorþbjónusta í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Niðurstöður útboðs.

Útboð um sorþbjónustu var opnað 6. september. Tveir aðilar buðu í sorþbjónustuna. Íslenska gámafélagið hf og Gáma-þjónustan hf. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 96.828.000 kr. Gámaþjónustan ehf bauð 100.812.656 kr. Íslenska gámafélagið hf bauð 93.045.320 kr. Niðurstöður kynntar og afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

4. Ósk Ragnars Ingólfssonar og Guðbjargar Bjarnadóttur um kaup á landi í Heiðargerði. Lagt var fram erindi fram kauptilboð frá ofangreindum aðilum, þar er óskað

eftir að kaupa landspilduna Heiðargerði af sveitarfélaginu. Spildan er 3,9 hektarar að stærð tilboðið hljóðar upp á 700.000 kr. Sveitarstjóra falið að ræða og semja við Ragnar og Guðbjörgu um kaupverðið.

5. Korngrís. Umsókn um styrk úr Atvinnuuppbyggingarsjóði. Vísað er til erindis frá fundi nr 28. Þann 1. júní sl. Þar var lögð fram ítarleg skýrsla um verefnið „Kjótvinnsla í Laxárdal“. Umsögn frá Atvinnuráðgjöf SASS lögð fram málinu til stuðnings. Samþykkt samhljóða að veita 1.500.000 kr styrks úr sjóðnum til verkefnisins. Greiðsla styrksins verði samkvæmt framvindu verkefnisins.
6. Dilkur ehf. Umsókn um styrk úr Atvinnuuppbyggingarsjóði. Lögð var fram umsókn um styrk úr sjóðnum frá Lofti Erlingssyni fyrir hönd félagsins Dilks ehf. Félagið fæst við ferðaþjónustu. Umsókn hafnað samhljóða.
7. Erindi frá Eypóri Brynjólfssyni, varðar leigu á Neslaug. Lagt fram erindi frá Eypóri Brynjólfssyni umsjónarmanni sundlauga þar sem hann óskar eftir að taka rekstur Neslaugar á leigu árið 2017, gegn því að fá framlag frá sveitarfélaginu til rekstrar laugarinnar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Eypór um rekstur laugarinnar árið 2017 og felur sveitarstjóra að vinna að gerð tilheyrandi samnings og leggja hann fyrir sveitarstjórn á næsta fundi sveitarstjórnar.
8. Bændasamtök Íslands. Fjallskil. Lagt fram og kynnt bréf frá Bændasamtökum Íslands undirritað af Sigurði Eypórssyni framkvæmdastjóra.
9. Möguleikar til vatnsöflunar. Lögð var fram og kynnt skýrsla frá Orkurannsóknunum um möguleika til vatnsöflunar. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að skoðun möguleika á þessu sviði með sérfróðum aðilum.
10. Skerðing þjónustu Lyfju. Lögð fram tilkynning frá apótekinu Lyfju þar sem þess er getið að ekki verði starfandi lyfjafræðingur í útibúi Lyfju í Laugarási tímabundið frá 1. september. Mun það ótvírætt skerða þjónustu. Sveitarstjórn mótmælir skertri þjónustu Lyfju. Oddvita falið að taka málið til umræðu í oddvitanefnd Laugaráslæknishéraðs.

Fundargerðir

11. Fundargerð Skólanefndar, grunnskólamálefni. Fundargerð lögð fram og kynnt.
12. Fundargerð Skólanefndar, leikskólamálefni. Fundargerð lögð fram og kynnt. Fram kemur að ráða þarf starfsmann í leikskóla vegna fjölgunar barngilda. Máli vísað til viðauka við fjárhagsáætlun.
13. Fundargerð Skólanefndar Flúðaskóla. Fundargerð lögð fram og kynnt.
14. Fundargerð 20. fundar stjórnar BS Bergrisans. Fundargerð lögð fram og kynnt.
15. Skipulagsnefnd. 116. fundur. Lagt fram og kynnt. Engin mál lögð fram vegna Skeiða- og Gnúpverjahrepps á fundinum.

Samningar og styrkbeiðnir

16. Lamaðir og fatlaðir. Beiðni um styrk. Lögð fram beiðni um framlag til félagsins vegna sumarsins 2016, kr 49.000. Undirrituð af Vilmundi Gíslasyni framkvæma-
stjóra. Beiðni samþykkt samhljóða. Framlag rúmast innan fjárhagsáætlunar.
17. Orna ehf. Uppsögn samnings um félagsheimili og tjaldsvæði. Fyrirkomulag leigu félagsheimils og tjaldsvæðis við Árnes. Sveitarstjóra falið að ræða við eigendur Orna ehf um uppsögn samningsins. Máli frestað til næsta fundar. Rætt var um fyrirkomulag leigu félagsheimilisins Árnesi og tjaldsvæðis. Sveitarstjórn samþykkir að stefna að því að óska eftir tilboðum í útleigu félagsheimilisins Árnes og tjaldsvæðis við Árnes ásamt reksturs mótuneytis fyrir skóla og grunnskóla sveitarfélagsins. Sveitarstjóra og oddvita falið undirbúa útboðsgögn fyrir næsta fund.
18. Samningur um kaup á iðnaðarhúsnæði við Tvísteinabraut 2. Lagður fram og samningur við Búnaðarfélag Gnúpverjahrepp um kaup á hluta iðnaðarhúsnæðis sem byggt mun verða við Tvísteinabraut 2. Samningur staðfestur.
19. Lóðarleigusamningur um Tvísteinabraut 2. Samningur lagður fram og staðfestur.
20. Samningur um framkvæmdaefirlit við Búrfell 2. Máli frestað.

Annað

21. Kjör fulltrúa á aðalfund SASS.
Sveitarfélagið á rétt á þremur fulltrúum á aðalfundinn. Samþykkt að Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason og Halla Sigríður Bjarnadóttir verði fulltrúar á fundinum. Til vara Meike Witt, Kristjana Gestsdóttir og Anna Þórný Sigfúsdóttir.
22. Ársreikningur Hitaveitu Brautarholts 2015. Ársreikningur lagður fram. Hagnaður varð af rekstrinum að fjárhæð 900.000 kr. Eigið fé nam 12,2 mkr. Ársreikningur samþykktur samhljóða og undirritaður af sveitarstjórn.
23. Friðlýsingar í Kerlingafjöllum. Lögð fram drög að auglýsingu friðlýsingar Kerlingafjallasvæðis. Drög auglýsingar samþykkt samhljóða.
23. Bláhiminn ehf beiðni um framlengingu á leigusamningi á Gistiheimilinu Nónsteini. Jóhanna Reynisdóttir óskar fyrir hönd Bláhimins ehf eftir framlengingu samnings um gistiheimilið Nónstein til 31. október 2017. Beiðni samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi fyrir hönd sveitarfélagsins.

Önnur mál

- I. Halla Sigríður Bjarnadóttir kvaddi sér hljóðs og spurðist fyrir um staðsetningu geymslugáms við íþróttavöll við Árnes og hvort til stæði að ganga betur frá honum. Sveitarstjóri upplýsti um að til stæði að fjarlægja gáminn og setja í hans stað lítið geymsluhús.
- II. Halla Sigríður lagði áherslu á að snyrta þyrfti aspir við Neslaug. Tekið var undir það og verður það tekið til skoðunar í aðalskipulagsvinnu.

III. Erindi barst frá Kristjáni Guðmundssyni varðandi lagfæringu heimagrafreits í Skáldabúðum en þar er Sigurgeir fjallkóngur jarðaður. Óskað er eftir stuðningi við verkefnið. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.

Mál til kynningar

- A. SASS 510 fundur stjórnar.
- B. Vinna við aðalskipulag. Vinnufundur 17 ágúst. Fundargerð.
- C. Samantekt um lögreglukostnað
- D. Þakkir frá vinabæ.
- E. Heilbrigðisnefnd 174 fundur.
- F. Fundur Umhverfisstofnunar, Hrun og Skogn. Varðar Friðlýsingar.
- G. Viðaukasamningur um skólaakstur.
- H. Bráðabirgðauppgjör sveitarfélagsins janúar-júní 2016.
- I. Skýrsla sveitarstjóra.
- J. Námsgagnasjóður.
- K. Frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.
- L. Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 03.08.16.
- M. Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 17.08.16.
- N. Viðbragðsáætlun við samfélagslegum áföllum. Drög.



Aðalskipulag Skeiða– og Gnúpverjahrepps!

Vinnu miðar vel við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins og hvetur sveitarstjórn íbúa til að koma með hugmyndir og ábendingar um skipulagið. Stefnt er að því að halda annan íbúafund í haust, fyrir miðjan október, í líkingu við þann sem haldinn var í maí.

Endilega sendið okkur hugmyndir og/eða ábendingar á

kristofer@skeidgnup.is. ☺ Sveitarstjóri.

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Munum það — í verki !



802

HRUNAPRESTAKALL



Helgihaldið á haustmisseri 2016 og um áramót

- 2. okt.:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 14. Tvennir tímar syngja.
- 9. okt.:** *Guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 11 og *kvöldmessa með létttri tónlist* í Hrepphólakirkju kl. 20.
- 23. okt.:** *Messa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14. Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna syngur.
-
- 6. nóv.:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 14.
- 26. nóv. (lau.):** *Helgistund* í Hrepphólakirkju kl. 15. Kveikt á ljósum í kirkju-garði.
- 27. nóv.:** *Aðventukvöld* í Hrunakirkju kl. 20:30.
-
- 4. des.:** *Aðventukvöld* í Árnesi kl. 20.
- 24. des.:** *Guðsþjónusta* á aðfangadagskvöld í Hrepphólakirkju kl. 23.
- 25. des.:** *Hátíðarmessur*. Ólafsvallakirkja kl. 11 og Hrunakirkja kl. 14. *Ljósaguðsþjónusta* á jóladagskvöld í Stóra-Núpskirkju kl. 22. Kirkjan lýst upp með kertaljósum.
- 31. des.:** *Guðsþjónusta* á gamlársdag í Tungufellskirkju kl. 14:30
Aftansöngur í Stóra-Núpskirkju kl. 16:30.
-
- 8. jan:** *Nýármessa* í Hrepphólakirkju kl. 11.
Þjóðlegur hádegisverður á eftir.

Geymið dagskrána og sjáumst í kirkjunni

Heimasíða prestakallsins er hruni.is

Fésbókarsíðan er: - [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall).

Óskar Hafsteinn Óskarsson

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

Hvar má tjalda og gista í sveitarfélaginu!

**29. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi
miðvikudaginn 1. júní 2016 kl. 14:00.**

**Reglur um hvar megi tjalda eða gista. Oddviti lagði fram
svohljóðandi tillögu.**

„Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að bannað sé að tjalda eða gista í húsbílum, hjólhýsum, felli-
hýsum eða tjaldvögnum á almannafæri utan merktra tjalds-
væða í landi sveitarfélagsins. Samanber 2.mgr. 23 gr laga
um náttúruvernd þar sem fram kemur að leyfilegt sé að vísa
fólki sem gistir á ómerktum tjaldsvæðum á nærliggjandi
tjaldsvæði. Tillaga samþykkt einum rómi“.

Í ljósi reynslu undanfarinna ára fannst sveitarstjórn rétt að
taka þessa ákvörðun og á þessi samþykkt við um landsvæði
það er tilheyrir sveitarfélaginu. Aðrir landeigendur geta
leitað til sveitarfélagsins með að fá merkingar ef þeim
finnst vera of mikið ónæði af tjaldgestum á landi sínu.

Hafið sambandi við skrifstofuna með það 486-6100.

Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á mið-
vikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomulagi.
Allir eru hjartanlega velkomnir,
vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.

Tímapantanir í síma 863-0433.



Hvað gerir hestamannafélag gott félag?



Hestamannafélög eru mörg á Íslandi og flest hafa sama markmið, skapa vettvang fyrir hestafólk að koma saman, sýna hesta sína, skapa hestatengda viðburði og hafa gaman saman. Viðburðirnir eru til dæmis vetrarmótin, útreiðatúrarnir, félagsfundir og Gæðingamót – já eins og haldið var í sumar í Torfdal og heppnaðist svo vel.

Það er gaman þegar hestamannafélög taka sig saman og setja upp stórt opið mót sem býður hestamenn úr öðrum hestamannafélögum velkomna. Það er ekkert mál að slá upp einu slíku móti öllum til skemmtunar enda aðeins tveir dagar sem fara í svona flotta keppni – eða er það? Hvað ætli þurfi að gera fyrir eitt svona mót?

Tölvuvinnan er nú ekki mikil – bara skrá niður einkunnir og prenta út niðurstöður – eða hvað?

- Ja, fyrst þarf nú að stofna mótið í Sportfeng (á netinu) og fá skráningar, staðfesta svo greiðsluna hjá öllum.
 - ◊ Oft þarf að fara í smá rannsóknarvinnu til að finna þá einstaklinga sem hafa greitt en eiga enga skráningu þó þeir haldi að þeir séu skráðir (hér er þjóðskrá mjög góður aðstoðarmaður) og líka hina sem hafa skráð en ekki búnir að borga. Hringja hingað og þangað til að leiðrétta þetta allt svo þetta verði nú allt rétt og allir ánægðir.
- Það þarf að finna einhverja gamla tölvu sem ræður við þetta gamla kerfi sem LH gerði fyrir löngu og heitir Kappi. Þar eru ráslistar búnir til og þá er hægt að auglýsa þá, já auglýsa, er ekki örugglega búið að auglýsa mótið vel? Við fáum engar skráningar ef við auglýsum ekki, ítrekum og látum boð út ganga.
- Mótaskrá, er ekki fint að hafa svoleiðis líka. Töluvert föndur í exel (já, það er ekki hægt að prenta þetta beint út úr Kappa því miður) og koma því svo í ljósritun – hver reddar henni?
- Hver ætlar svo að vera á tölvunni alla helgina að skrá einkunnir og prenta út úrslit fyrir þátttakendur. Já og er ekki rosalega flott að vera með úrslitin á fésbókinni jafn óðum? Það gafst vel í fyrra og okkur var hrósað fyrir svo við reddum einhverjum í þetta líka.
- Þegar mótið er búið þarf að gera mótaskýrslu og skila til LH og senda úrslitin í Sportfeng aftur svo fólk geti nú flett upp á tölum hestanna.
- Nú það þarf víst ritara fyrir dómarana – úbbss var ekki örugglega búið að panta dómarana sex vikum fyrir mót? Jú örugglega en ritarnir þurfa lágmark að vera sex því enginn nennir að rita alla helgina svo það þarf að skipta þessu niður á fólk.
- Dómarnir eru í vinnu alla helgina svo þeir þurfa að fá almennilegan mat að borða og nóg af kaffi og súkkulaði, finna einhvern til að sjá um það og auðvitað sjá um ritarana líka.
- Einhver þarf að tala í hljóðnemann og vera kannski smá fyndinn líka sem þulur – hóum við ekki bara í þá sömu og hafa alltaf þulað hingað til, þeir eru tveir og geta

- Sjoppa – jæks, þurfum að tala við hollvini Reiðhallarinnar og fá þá í samvinnu, þeir redda svo restinni – einu minna að hafa áhyggjur af.

Er þetta þá ekki bara komið....nei úbbss, alveg að gleyma hestunum, það þarf víst að redda hestapláss fyrir aðkomuhross (sumir þurfa hesthús), svara spurningum keppenda með gistingu og slík smáviðvik (hvað eru nokkrir tölvupóstar á milli vina). Við þurfum víst fótaskoðunarmann eða menn ef einn nennir ekki að vera alla helgina. Hver verður mótssjóri og tekur ábyrgð á því sem þarf á meðan á móti stendur?

Það á að keppa í skeiði líka á mótinu er það ekki? Tímatökubúnaðurinn er hann í lagi og er einhver sem kann á hann – best að tékka á þessu líka.

Þá er þetta komið eða?.....ahhhh völlurinn, hver er staðan á honum? Kannski þarf að laga staura en örugglega verður að slá völlinn, já og brekkuna maður minn, við viljum að gestir sitji í brekkunni og sjái hestana en ekki bara verið á kaf í grasi. Valta völlinn, setja upp hljóðkerfið – já við þurfum að fá hljóðkerfi og útvarpssendi lánaðan einhversstaðar og setja upp.

Nú getur ballið byrjað svo við endum með flott mót. Já endir á mótinu... hvar eru allir verðlaunagripirnir? Var einhver búinn að panta verðlaunin og hver ætlar að fara út um alla sveit að safna farandbikurunum?

Já, nú er þetta komið og við getum haldið mót á okkar flotta velli. Frábært væri ef einhver nennti að taka myndir og setja á vefinn – notum annars bara símana.

Það er sem ég segi, viðburðir haldnir af félögunum eru svo skemmtilegir og þeir eru væntanlega það sem skapar gott hestamannafélag – eða, kannski er það allt fólkið sem vinnur ofangreinda vinnu í frítíma sínum svo hægt sé að halda svona flott mót félagi sínu til sóma. Takk allir sem leggja hönd á plóg og vona ég, að fleiri komi glaðir í þann hóp.

Lilja Össurardóttir.

Stoltur aðstoðarmaður á Gæðingamóti.



Umsóknarfrestur í Uppbyggingarsjóð er til og með 27. september n.k.

Nánari upplýsingar um Uppbyggingarsjóð SASS er á www.sass.is

Markmið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands:

Að styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun á Suðurlandi.

Að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi.

Að styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðni aukandi verkefni á Suðurlandi

menning
atvinna **tækifæri**
uppbygging **nýsköpun**



Framkvæmdir við stækkun Búrfellsvirkjunar ganga vel

Framkvæmdir við stækkun Búrfellsvirkjunar hafa nú staðið yfir frá því í apríl, þegar jarðvinna við meginverk framkvæmdar hófst. Aðstaða verktaka er nokkuð umfangsmikil, auk starfsmannabúða fyrir 150 manns er um að ræða skrifstofur, steypustöð, verkstæði og aðra aðstöðu sem nauðsynleg er við stórt verk. Landsvirkjun hefur einnig reist eigin vinnubúðir fyrir starfsmenn sem eftirlit hafa með framkvæmdum.

Unnið er á tveimur svæðum, á efra svæði við aðrennslisskurð og á neðra svæði við aðkomugöng og stöðvarhús annarsvegar og við frárennslisgöng og frárennslisskurð hinsvegar.

Framvinda hefur verið góð. Fyrsti áfangi aðrennslisskurðar er



nánast tilbúinn og innan skamms verður hægt að hefja borun lóðréttra fallganga. Á neðra svæði hafa 280 m aðkomugöng að stöðvarhúsi verið sprengd og einnig efsti hluti

stöðvahússhvelfingar. Að lokinni yfirstandandi vinnu við bergstyrkingar í hvelfingunni hefst vinna við að sprengja út aðra hluta stöðvarhússins. Frárennslisgöng eru komin 70 m inn í fjall, en þau verða alls 450 m löng. Búið er við að gangavinnu, sprengingum og grefti ljúki upp úr næstu áramótum, en þá hefst vinna við að steypa upp stöðvarhúsið inni í hvelfingunni.



Í febrúar á næsta ári hefst uppsetning stálföðringa í vatnsvegum, auk vélasamstæðu og rafbúnaðar og mun sú vinna standa fram að gangsetningu virkjunarinnar sem áætluð er í maí 2018.

Á framkvæmdasvæðinu vinna nú alls um 140 manns, en hámarki nær starfsmannafjöldi næsta vor og sumar. Samsteypa ÍAV-Marti, sem sér um byggingarverk í stækkun Búrfellsvirkjunar, er stærsti verktakinn á verkstað. Erlendir verktakar, sem annast vinnu við stálföðringar og vélasamstæður, vinna nú þegar að smíði og undirbúningi erlendis og hefja vinnu á verkstað eftir áramót. Þegar hefur verið gengið frá öllum stórum samningum í verkinu. Ástimpluð aflgeta stöðvarinnar er 100 MW og er framleitt með einni vélasamstæðu. Virkjuninni er ætlað að nýta betur en hægt er í dag það vatn sem tiltækt er í vatnakerfi Þjórsár og Tungnaár, auk þess sem tilkoma hennar mun auðvelda viðhaldsvinnu sem eldri virkjun Búrfells þarfnast. Í tengslum við réttirnar 16. og 17. september verður akstri til og frá framkvæmda svæði haldið í algjöru lágmarki. Ef

gangnamenn þurfa aðstoð vegna fjárreksturs nærri framkvæmdasvæðinu er þeim velkomið að hafa samband við Jón H. Gestsson, staðarverkfræðing, í síma 892-9457.

Með góðri kveðju.
Ásbjörg Kristinsdóttir
Forstöðumaður -
Framkvæmdasvið



Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir


Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalði Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.
skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.

Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com





Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP

facebook



www.landflutningar.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir
maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Á bak við eldavélina!

Guðrún Hansdóttir í Þrándarholti deilir með okkur sínum uppskriftum þennan mánuð.



Ég vil byrja á því að þakka Sirrý fyrir áskorunina. Þar sem nú er uppskerutíð verða uppskriftirnar í þeim anda.

Indverskur lambakjötsréttur

Góðir lambakjötsframpartsbitar (magn fer eftir fjölda) eru steiktir á pönnu og kryddaðir með pipar, salti, slatta af karrý og tímian. Vatni er svo hellt á pönnuna þannig að fljóti yfir kjötið og þá er kjötkraftur settur úti ásamt sætum eplum í bitum. Þetta svo soðið í ca klukkustund með lokið á. Borið fram á pönnunni og gott er að borða með þessu hrís-grjón/kartöflur og ferskt salat. Taka skal fram að soðið er einstaklega gott út á grjónin.



Góð rabarbarakaka

Blanda 1

3 msk smjör

2 dl púðursykur

Þetta er brætt saman og svo eru

2 bollar

af rabarbara settir saman við.

Blanda 2

100 gr smjörliki

1 bolli sykur

1 egg

Þetta er hrært saman. Svo er 2 tsf af lyftidufti, vanilludropum, 2 bollum af hveiti, smá salti og rúmlega 1 dl af mjólk blandað saman við.

Nú á að setja blöndu 1 í botninn á djúpu eldföstu móti (ca 20 X 30 cm stórt) og svo blanda 2 sett yfir.

Þetta er svo bakað í ca 50 mínútur við 200 gráður.

Þessi kaka er sérlega góð með ís eða þeyttum rjóma.

Verði ykkur að góðu.



Ég ætla að skora á hina tengdadóttur mína, hana Magneu Gunnarsdóttur, að koma með uppskriftir í næsta fréttabréf.
kv. Gunna í Þrándarholti.



Menn og málefni!



Fæðginin frá Kálfhóli 1 útskrifuðust s.l. vor úr sitt hvorum háskólanum. Ástrós Ýr Eggertsdóttir, lauk BA prófi í íþróttafjölmiðlafræði frá University of central Lancashire í Preston á Englandi og faðir hennar Eggert Jóhannesson, lauk B.Sc.prófi í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Það er mikill kraftur í þessari fjölskyldu og óskum við þeim innilega til hamingju með áfangana.



Fróðleiksmoli um melgresið!

Ein mikilvægasta planta landsins er melgresi. Plantan er notuð til að hefta sandfok og árlega er sáð í hundruð hektara af íslenskum foksandi í þeim tilgangi. Hvert haust fara starfsmenn Landgræðslunnar á stúfana og safna fræi plöntunnar. Meðfylgjandi 2ja mínútna myndband gefur góða hugmynd um hvernig verkið fer fram. Myndbandið var tekið á Mýrdalssandi fyrir nokkrum dögum. Þeir sem hafa yfir tölvu að ráða geta smeltt á slóðina hér fyrir neðan og þá fer myndbandið í gang.

<https://www.youtube.com/watch?v=0tzJVDBF-Cg>



Með bestu kveðju,
Áskell Þórisson,
Landgræðslu ríkisins



TAXI DRIVER

TAXI er á svæðinu sem þjónustar
Grímnlesið, Bláskógabyggð,
Hrunamannahrepp og
Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
Með kv. TAXI DRIVER

Símar: 776 0810 & 783 1224

Skólabyrjun og útilega

Skólasetning fór fram í Þjórsárskóla mánudaginn

22. ágúst. Í fyrstu vikunni fórum við í okkar árlegu úti-

legu inn í Þjórsárdal. Lagt var af stað á fimmtudegi, farið í berjamó, Þjóðveldisbærinn og Hjálparfoss skoðaðir. Þá var haldið í Sandártungu þar sem gist var í tjaldi um nóttina. Á föstudeginum var síðan skipt í þrjá hópa og hver og einn nemandi hannaði bát úr efniviði skógarins og fékk síðan að fleyta honum í Sandá.



Sumarlestur 2016

Nemendur skólans tóku þátt í lestrarátaki í sumar eins og undanfarin ár.

Markmiðið með átakanu er að viðhalda og efla lestrarfærni sem þau hafa hlotið eftir veturinn, með því að þau haldi áfram að lesa upphátt á sumrin.

Met þátttaka var í sumar en rúmlega 90 % nemenda í 1-7. bekk tóku þátt. Fyrstu vikuna í september voru veitt verðlaun fyrir þátttöku í lestaráttakinu. Allir sem tóku þátt fengu viðurkenningar - skjal, medalíu og sundpoka með glaðningi í. Einnig fékk bókasafn skólans bókakassa að gjöf.

Við þökkum styrktaraðilum okkar; Landstólpa, Ísspor, Vodafone og Setbergi fyrir glaðningana sem þeir gáfu börnunum.

Lestrarkveðja

Kristín.



Kynning á Uppbyggingarsjóði Suðurlands og handleiðsla um umsóknarformið

Tími: Föstudagurinn 9. sept kl. 12 – 13

Staðsetning: Hvoli, Hvolsvelli

Tími: Mánudagurinn 12. sept kl. 11:30– 12:30

Staðsetning: Kirkjubæjarstofu, Klaustri

Tími: Mánudagurinn 12. sept kl. 12 – 13

Staðsetning: Fjölheimar, Selfossi

Tími: Þriðjudagurinn 13. sept kl. 12 – 13

Staðsetning: Kötlusetri, Vík

Tími: Miðvikudagurinn 14. sept kl. 12 – 13

Staðsetning: Icelandair Hótel Flúðir

Hádegissúpufundir - Allir velkomnir og ókeypis aðgangur

Skráning er inná www.sass.is og í síma 480-8200

Frekari upplýsingar og aðstoð veita:

Hrafnkell Guðnason og Ingunn Jónsdóttir ráðgjafar á Selfossi í síma 560-2030

Guðlaug Ósk Svansdóttir ráðgjafi á Hvolsvelli í síma 664-5091

Þórdís Erla Ólafsdóttir ráðgjafi í Vík í síma 487-1395

Vetraropnun: Alla daga. kl.11:00 -22:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

LAUGARVATN
fontana
Hélsuind frá landnámi

<http://www.fontana.is>

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Ef það færi að rigna þá....

Regnfatnaður



66th
NORTH

Á lappirnar

Sokkar



Stígvél **Reið- og vinnuskór**



Við krankleika og til hressingar

**Bolta-
byssur**

Skammtasprautur

Inngjafasprautur

Einnota sprautur

Nálar



SUEVIA

Brynningarskálur - Vatnskör



Nú styttest í sláturtíðina
Höfum tekið upp sláturvörurnar

Hliðgrindur



Hringgerði



LANDSTÓLPÍ

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi 2016
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug



01. september - Open

Miðvikudaga: Wed. 18 - 22

Laugardaga: Sat. 12 - 18

Fullorðnir: 14 – 69 ára700 kr.

Adults 14 – 69 years old

10 miða afsláttarkort.....4.000 kr.

10 tickets discount card

20 miða afsláttarkort.....6.000 kr.

20 tickets discount card

Börn: 8– 13 ára400 kr.

Children 8 – 13 years old

10 miða afsláttarkor2.000 kr.

10 tickets discount card

Sundföt – leiga500 kr.

Swimwear

Handklæði – leiga500 kr.

Towel



**Neslaug og
Skeiðalaug eru á**

facebook

Fylgist með
þar ☺

Skeiðalaug

01. september - Open

Mánudaga Mon. 18 - 22

Fimmtudaga: Thir. 18 - 22

Frítt fyrir 70 ára og eldri.

**Frítt fyrir öryrkja gegn
framvísun skírteinis.**



**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri
sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.**

**Vörur tengdar sundi seldar í
afgreiðslum lauganna.**

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

**Aðeins er ca. 12 mínútna
akstur á milli lauganna.**

Eyþór Brynjólfsson.

Umsjónarmaður sundlauga.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur